

Ed.

128. Frumvarp til laga

[102. mál]

um breyting á heilsuverndarlögum, nr. 44 18. maí 1955.

Flm.: Björgvin Salómonsson.

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna (sbr. lög nr. 28/1957) bætist ný grein, er hljóði svo:

Nú ákveður stjórn sveitar- og/eða sýslufélags að taka upp heilsuvernd, er einungis taki til ákveðinna þátta heilsuverndarlaganna (samkv. 2. gr.), eins eða fleiri, og skal þá rekstrarkostnaður skiptast milli ríkis og sveitarfélags samkvæmt ákvæðum 1. gr. laganna. Á sama hátt skal stofnkostnaður vegna húsnæðis og tækja skiptast milli ríkis og sveitarfélags samkv. ákvæðum 6. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um heilsuvernd kveða á um, að sú starfsemi fari fram í ákveðnum heilsuverndarstöðvum, og er það fyrirkomulag vissulega æskilegast, þar sem því verður við komið. Hins vegar liggur ljóst fyrir, að fullkomnar heilsuverndarstöðvar verða einungis starfræktar í nokkrum stærstu kaupstöðum eða stærstu kaupsýslunum landsins, enda hefur sú orðið raunin á.

Úti á landsbyggðinni fellur heilsuvernd, — að svo miklu leyti sem um hana getur verið að ræða samkvæmt skilningi heilsuverndarlaganna, — hins vegar í verkahring héraðslæknanna, og verður það að teljast óhjákvæmilegt og ekki óeðlilegt.

Einn er þó sá þáttur heilsuverndar, sem gera má ráð fyrir að héraðslæknum sé með öllu ókleift að annast, þar sem til þess skortir þá yfirleitt aðstöðu og í flestum tilfellum einnig nauðsynlega sérþekkingu, en það er tannvernd. Héraðslæknar geta að sjálfsgöðu vísað fólki til tannlæknis, en oft og tíðum mun það svo, að tannsjúklingar úti á landi leita ekki læknis, fyrr en í óefni er komið og tanndráttur er eina úrlausnin. En tanndráttur er ekki tannvernd.

Ef sveitarfélögin sæju sér fært að koma upp aðstöðu til tannlækninga, eru allar líkur til, að fá mætti tannlækna til starfa þar, a. m. k. einhvern hluta ársins, til þess að annast þennan þátt heilsugæzlunnar, og hefur flm. þá sérstaklega í huga, að á þann hátt væri unnt að framkvæma tannvernd barna og unglinga á skólaskyldu-aldri, auk þess sem öðrum tannsjúklingum væri sinnt, eftir því sem tími og aðstæður leyfðu hverju sinni.

Með frumvarpi þessu er því lagt til, að bætt sé inn í lögin um heilsuvernd ákvæði, er geri sveitarfélögum unnt að koma upp aðstöðu til heilsuverndar á ákveðnum sviðum, án þess að sú starfsemi sé bundin starfrækslu fullkominnar heilsuverndarstöðvar, og er þá einkum hafður í huga sá þáttur heilsuverndar, sem hér hefur verið gerður sérstaklega að umtalsefni, enda þótt flm. þætti réttara að hafa ákvæði frumvarpsins í formi almennra ákvæða.